

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð stúdenta“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. apríl 1942. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð stúdenta.

1. gr.

Sjóður þessi, sem er að upphæð kr. 5.168,62, er stofnaður af nokkrum stúdentum, sem tóku stúdentspróf á árunum 1887 og 1888.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja íslenska menningar- og framfaraviðleitni, sérstaklega allt það, sem vænlegast þætti til þess að efla atvinnuvegi vora og bæta efnalega afkomu almennings.

3. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi rektor háskólans, forstöðumaður atvinnudeildar og formaður stúdentaráðs.

4. gr.

Sjóðurinn varðveitist í Söfnunarsjóði Íslands, og skulu allir vextir lagðir við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn að upphæð tíu þúsund krónur. Úr því má verja allt að helmingi vaxta samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og einnig loforðum stúdenta um að greiða ákveðna upphæð til hans innan 5 ára frá því þeir hafa komizt í fasta stöðu, enda veki stjórnin árlega athygli stúdenta á sjóðnum og sjái um innheimtu lofaðra upphæða.

6. gr.

Meðan útborgaðir vextir ná ekki 500 kr. upphæð, skal þeim öllum varið til þess að styrkja álitlegustu rannsóknir eða tilraunir, sem atvinnudeildin hefur með höndum. Úr því má verja nokkrum hluta til þess að styrkja eða verðlauna álitlegar tilraunir eða rannsóknir eða ágætar ritgerðir, sem gerðar eru af mönnum utan deildarinnar.